

Þingskjal nr. 23

Flytjandi: hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir:

Tillaga:

Lögð er fram tillaga fyrir 57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 til breytingar á kafla 6.1 í reglum LH um ákvörðun um Landsmót.

Lagt er til að fyrsta setning greinarinnar breytist og verði:

Landsmót hestamanna skulu haldin annaðhvert ár, til skiptis á einum stað á Norðurlandi og einum stað á Suðurlandi.

Greinargerð:

Úthlutun landsmóta hefur verið mikið í umræðunni síðustu ár. Sitt sýnist hverjum enda oft á tíðum miklir hagsmunir í húfi og ekki síður tilfinningar. Nokkur sátt hefur verið um landsmótahald hin síðari ár á Norður- og Suðurlandi og er því hér með beint til þingsins að festa það fyrirkomulag í sessi með þessum hætti. Hér eru fyrst og fremst hagkvæmnissjónarmiðin sem eru forsenda þessarar tillögu. Það er skynsemi fólgin í því að byggja upp tvo staði til landsmótahalds til lengri tíma. Núverandi aðferð við staðarval, að etja staðarhöldurum saman og knésetja þá helst í samningum, getur ekki gengið til lengdar.